



## Sveitarstjórnarfundur 1. apríl 2026

Miðvikudaginn 1. apríl 2026 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 41. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella B. Petersen, Hildur Aradóttir og Arnín Óladóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Hildur Aradóttir leitar afbrigða sbr. lið nr. 6 og lið nr. 10.

Afbrigði er samþykkt samhljóða.

### Dagskrá 41. fundar:

1. Fundargerð 40. sveitarstjórnarfundar 18.03.2026
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Niðurstöður íbúakosninga um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps
5. Skipun undirbúningsstjórnar um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps
6. Kjörstjórnir fyrir sveitarstjórnarkosningar 16. maí 2026 og framkvæmd kosninga
7. Brunavarnaáætlun Kaldrananeshrepps
8. Erindi frá Byggðasamlagi Vestfjarða
9. Viðauki I við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum
10. Ályktun Kaldrananeshrepps, vegna breytinga á á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006

### Fundargerð:

#### 1. Fundargerð 40. sveitarstjórnarfundar 18.03.2026.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

#### 2. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir.

#### 3. Aðrar fundargerðir

- a. Samband íslenskra sveitarfélaga, 996. fundur stjórnar, 20.03.2026.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

#### 4. Niðurstöður íbúakosninga um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps

Lögð er fram skýrsla sameiginlegrar kjörstjórnar Árneshrepps og Kaldrananeshrepps vegna íbúakosninga um sameiningu sveitarfélaganna sem fram fóru dagana 14.-28.

mars 2026.

Í Árneshreppi voru 54 einstaklingar á kjörskrá. Alls greiddu 44 atkvæði eða 81,48%. 25 sögðu já eða 56,81%, 18 sögðu nei eða 40,90%, 1 seðill var auður eða 2,27%.

Í Kaldrananeshreppi voru 95 á kjörskrá. Alls greiddu 56 atkvæði eða 58,95%. 41 sögðu já eða 73,21%, 12 sögðu nei eða 21,43%, 3 seðlar voru ógildir eða 5,36%.

Niðurstaðan er því sú að sameining var samþykkt í báðum sveitafélögum.

Skýrsla lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn fagnar niðurstöðunni og þakkar samstarfsnefnd um sameiningu og kjörstjórnnum fyrir vel unnin störf.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

#### **5. Skipun undirbúningsstjórnar um sameiningu Árneshrepps Kaldrananeshrepps**

Í ljósi framangreindrar niðurstöðu í íbúakosningum um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps skulu sveitarstjórnir sveitarfélaganna að skipa tvo til þrjá fulltrúa hvor í stjórn til undirbúnings að gildistöku sameiningar sveitarfélaganna samkvæmt nánara samkomulagi sbr. 1. mgr. 122. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn samþykkir að eftirtalin skuli vera aðalmenn í stjórn til undirbúnings að gildistöku sameiningar fyrir hönd Kaldrananeshrepps.

Aðalfulltrúar eru Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson og Hildur Aradóttir.

Varafulltrúar eru Ísabella B. Petersen og Arnlín Óladóttir.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að miðað verði við að kosningar í sameinuðu sveitarfélagi fari fram þann 16. maí 2026 og að gildistaka sameiningar miðist við 31. maí nk.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

#### **6. Kjörstjórnir fyrir sveitarstjórnarkosningar 16. maí 2026 og framkvæmd kosninga**

Lögð er fram tillaga samstarfsnefndar um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps um að skipa sameiginlega kjörstjórn Árneshrepps og Kaldrananeshrepps til að hafa yfirumsjón með fyrstu sveitarstjórnarkosningum í sameinuðu sveitarfélagi.

Tillagan felur í sér að yfirkjörstjórn verði þannig skipuð:

Aðalmenn: Hildur Aradóttir, Jenný Jensdóttir og Þórólfur Guðfinsson.

Varamenn: Ingólfur Benediktsson, Bjarnheiður Fossdal og Helga Lovísa Arngrímsdóttir.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu samstarfsnefndar um sameiningu fyrir sitt leyti.

Sveitarstjórn samþykkir jafnframt fyrir sitt leyti að sameinað sveitarfélag skiptist í tvær kjördeildir við sveitarstjórnarkosningar sem miðist við núgildandi sveitarfélagamörk. Kjörstjórnir sveitarfélaganna verði undirkjörstjórnir í kosningunum og hafi umsjón með kosningum hvor á sínu svæði.

Sveitarstjórn gefur fyrir sitt leyti yfirkjörstjórn umboð til að ákveða kjörstaði, opnunartíma þeirra og hvar og hvenær talning atkvæða skuli fara fram. Borið upp og samþykkt samhljóða.

#### **7. Brunavarnaáætlun Kaldrananeshrepps**

Erindi barst frá HMS en ekki liggur fyrir brunavarnaáætlun Kaldrananeshrepps. Óskar því umrædd stofnun eftir upplýsingum frá sveitarfélaginu hvort hafin sé vinna við gerð brunavarnaáætlunar.

Erindi lagt fram til kynningar.  
Slökkviliðsstjóri gerir grein fyrir vinnu að gerð brunavarnaáætlunar.  
Borið upp og samþykkt samhljóða.

#### **8. Erindi frá Byggðasamlagi Vestfjarða**

Breytingar voru í þjónustu sveitarfélaga á Vestfjörðum í málefnum fatlaðs fólks í lok árs 2023, þegar Ísafjarðarbær tók við sem leiðandi sveitarfélag í málaflokknum. Öll aðildarsveitarfélög Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest) eru aðilar í hinu nýja fyrirkomulagi.

Er því óskað eftir að sveitar- og bæjarstjórnir aðildarsveitarfélaga BsVest taki til formlegrar afgreiðslu þá tillögu stjórnar BsVest að starfsemi byggðasamlagsins verði hætt og því slitið.

Erindi lagt fram til kynningar.  
Sveitarstjórn samþykkir tillögu stjórnar BsVest að starfsemi byggðasamlagsins verði hætt og því slitið.  
Borið upp og samþykkt samhljóða.

#### **9. Viðauki I við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum**

Fyrir liggur viðauki I við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum. Viðaukinn fjallar m.a. um þóknunar fyrir fundarsetu í fulltrúaráði Velferðarþjónustu Vestfjarða og notendaráði fatlaðra á Vestfjörðum.

Viðauki I lagður fram til kynningar.  
Sveitarstjórn samþykkir viðauka I við samning um sérhæfða þjónustu á Vestfjörðum.  
Borið upp og samþykkt samhljóða.

#### **10. Ályktun Kaldrananeshrepps, vegna breytinga á á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006**

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps lýsir yfir þungum áhyggjum af frumvarpi innviðaráðherra um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, þar sem lagt er til að fella niður línuúvilnun og skel- og rækjubætur.

Verði frumvarpið að lögum telur sveitarstjórn að það geti haft grafalvarleg og mögulega óafturkræf áhrif á atvinnulíf og byggð í sveitarfélaginu. Niðurfelling þessara mikilvægu aðgerða setur rekstrargrundvöll heilsársútgerða í verulega hættu, en sjávarútvegsfyrirtæki eru burðarás samfélagsins á Drangsnesi og skorar því sveitarstjórn Kaldrananeshrepps á innviðaráðherra og ríkisstjórnina að falla frá frumvarpinu.

Kaldrananeshreppur er brothætt byggð og hóf nýlega þátttöku í samnefndu verkefni á vegum Byggðastofnunar. Í Kaldrananeshreppi búa um 120 manns og þar af búa rúmlega 75 á Drangsnesi. Fyrirtæki sem reiða sig á þessar aðgerðir standa undir stórum hluta starfa í byggðarlaginu og er því stór hluti útsvarstekna sveitarfélagsins í húfi. Áformin eru þannig til þess fallin að veikja rekstrargrundvöll sveitarfélagsins og þar með samfélagsins í heild. Áhrif frumvarpsins myndu því ná til verulegs hluta íbúa og hafa víðtæk neikvæð áhrif á samfélagið í heild. Aðgerðirnar tryggja starfsemi útgerða og fiskvinnslu í núverandi mynd á svæðinu og telur sveitarstjórn að verði frumvarpið að lögum kemur það til með að hafa gríðarleg neikvæð áhrif á atvinnulíf og setur þar með byggðafestu í Kaldrananeshreppi í hættu.

Sveitarstjórn telur að fyrirhugaðar breytingar gangi þvert gegn yfirlýstum markmiðum stjórnvalda um að efla byggð í dreifðum sjávarbyggðum landsins. Línuívilnun og skel- og rækjubætur hafa dregist saman á undanförunum árum og myndi niðurfelling þeirra vera áfall, jafnvel rothögg, fyrir starfsemi margra fyrirtækja í sveitarfélaginu.

Með hliðsjón af framangreindu skorar sveitarstjórn Kaldrananeshrepps á innviðaráðherra og ríkisstjórnina að falla frá frumvarpinu. Jafnframt leggur sveitarstjórn áherslu á að haft verði raunverulegt samráð við sveitarfélög og hagaðila í sjávarútvegi um allt land, með það að markmiði að tryggja stöðugleika, efla heilsárs atvinnustarfsemi og styrkja byggðafestu í viðkvæmstu sjávarbyggðum landsins.

Ályktun lögð fram til kynningar.

Skrifstofustjóra falið að senda umrædda ályktun áfram á viðeigandi aðila og fjölmiðla.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 20:52.